

Arnarlax ehf.
Strandgötu 1
465 Bíldudalur

Reykjavík, 24.9.2024
UST202401-254/A.E.H.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 13. júní 2024 - Arnarlax ehf, Arnarfirði, ID 168

Þann 13. júní sl. fór fram reglubundið eftirlit hjá Arnarlaxi ehf í Arnarfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu.

Fjögur frávik komu fram er varða:

- 1.** Gr. 1.2 í starfsleyfi. Starfsleyfið tekur til sjókvíaeldis þar sem hámarkslífmassi á hverjum tíma má ekki fara yfir 10.000 tonn. Hámarkslífmassi fór yfir 10.000 tonn tvisvar sinnum, fyrst í ágúst 10.204 tonn og svo í september 11.168 tonn.
- 2.** Gr. 4.4 í starfsleyfi. Rekstraraðila ber að skila inn ársyfirliti og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Ársyfirliti var ekki skilað fyrr en 26. júní 2024 og telst því frávikinu lokað.
- 3.** Gr. 4.5 í starfsleyfi. Rekstraraðila ber að skila inn grænu bókhaldi og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Undirrituðu grænu bókhaldi var ekki skilað fyrr en 6. maí 2024 og telst því frávikinu lokað.
- 4.** 1. mgr. 14. gr. og 2. mgr. 40. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfishafi skal upplýsa útgefanda starfsleyfis um fyrirhugaðar breytingar á starfsemi sem geta haft afleiðingar fyrir umhverfið, sem og að upplýsa eftirlitsaðila tafarlaust um það ef frávik verður frá starfsleyfisskilyrðum. Umhverfisstofnun barst ekki tilkynning að farið var yfir hámarkslífmassa.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 16. október 2024.

Virðingarfyllst

Auður Eyberg Helgadóttir
sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir
sérfræðingur